

Almennir skilmálar gilda um allar váttryggingar félagsins til viðbótar við efnisskilmála þeirra og váttryggingarskírteini nema annað sé sérstaklega tekið fram.

1. KAFLI	Upphaf og lok váttryggingarsamnings	1
2. KAFLI	Iðgjald og váttryggingarfjárhæðir	3
3. KAFLI	Skyldur váttryggðs vegna tjóna	4
4. KAFLI	Atvik sem haft geta áhrif á váttryggingavernd og bótarétt	5
5. KAFLI	Almennar takmarkanir á gildissviði	6
6. KAFLI	Meðferð bótakrafna og uppgjör bóta	6
7. KAFLI	Ýmis ákvæði	8

Ákvæði í váttryggingarskírteini ganga framar ákvæðum skilmála og ákvæði efnisskilmála einstakra váttrygginga gilda framar almennum skilmála þegar við á. Með váttryggingarskírteini er einnig átt við tilkynningu um endurnýjun og teljast öll framangreind gögn hluti váttryggingarsamningsins. Ákvæði í váttryggingarsamningi ganga framar frávíkjanlegum lagaákvæðum. Um váttrygginguna gilda að auki lög nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Upplýsingar um tjónagrunn er að finna aftast í skilmálanum.

1. KAFLI UPPHAF OG LOK VÁTTRYGGINGARSAMNINGS

1. gr. Gildistími

Sé ekki annað ákveðið í lögum eða samningi tekur váttryggingin gildi þegar samningur um váttrygginguna er gerður, það er þegar félagið eða váttryggingartaki hefur samþykkt tilboð hins. Váttryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í váttryggingarskírteini eða tilkynningu um endurnýjun.

Hafi váttryggingartaki sent skriflega og fullbúna váttryggingarbeiðni til félagsins öðlast váttryggingin gildi við móttöku hennar, nema váttryggingartaki hafi óskað eftir öðrum gildistökutíma eða beiðninni sé hafnað við áhættumat félagsins, samkvæmt 13. og 74. gr. laga nr. 30/2004.

Félaginu er heimilt að ákveða að ábyrgð þess samkvæmt váttryggingarsamningi hefjist ekki fyrr en iðgjald er greitt að fullu og skal félagið í þeim tilvikum upplýsa váttryggingartaka um það við töku tryggingar.

Sé váttryggingin ekki endurnýjuð fellur hún niður við lok þess dags sem tilgreindur er í váttryggingarskírteini sem síðasti dagur váttryggingartímabilsins.

2. gr. Endurnýjun

Váttrygging sem gilda á í eitt ár eða lengur endurnýjast sjálfkrafa um eitt ár í senn, nema váttryggingartaki hafi áður tilkynnt félaginu að hann vilji segja váttryggingarsamningnum upp eða félagið hafi tilkynnt að váttryggingin verði ekki endurnýjuð. Váttryggingu sem ætlaður er skemmri gildistími endurnýjast ekki og sama á við þegar skýrlega er tekið fram í skilmálum eða í váttryggingarskírteini að váttryggingin falli niður við tiltekið tímamark eða við ákveðnar aðstæður. Félagið skal upplýsa um efnislegar breytingar á gildissviði eða takmörkunum váttryggingarskilmála um leið og iðgjalds váttryggingartímabils er krafist.

Kjósi váttryggingartaki að endurnýja ekki váttrygginguna skal hann tilkynna félaginu um það með sannanlegum hætti í síðasta lagi tveimur vikum fyrir lok váttryggingartímabilsins. Þegar váttrygging er tekin vegna atvinnurekstrar, þar sem umfang rekstraraðila samsvarar fleiri en fimm ársverkum eða starfsemi fer að mestu leyti fram erlendis, skal tilkynningin berast félaginu eigi síðar en einum mánuði fyrir lok váttryggingartímabilsins.

Félagið getur neitað að endurnýja váttryggingu þegar fyrir liggja sérstakar ástæður, sbr. 18. og 79. gr. laga nr. 30/2004. Skal félagið tilkynna váttryggingartaka það í síðasta lagi tveimur mánuðum fyrir lok váttryggingartímabilsins.

3. gr. Upplýsingaskylda við gerð og endurnýjun váttryggingarsamnings

Váttryggingartaki, eða eftir atvikum váttryggður, skal með tæmandi hætti veita félaginu þær upplýsingar sem það óskar eftir og haft geta þýðingu fyrir mat þess á áhættu, sbr. 19. og 82. gr. laga nr. 30/2004. Að auki ber þeim að eigin frumkvæði að veita félaginu upplýsingar um sérstök atvik sem þeir vita eða mega vita að hafi verulega þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu.

Verði váttryggingartaka eða váttryggður síðar ljóst að hann hafi veitt rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um áhættuna vegna skaðatryggingar skal hann án ástæðulauss dráttar skýra félaginu frá því að eigin frumkvæði. Við endurnýjun persónutrygginga, annarra en líf- og sjúkdómatrygginga, skal váttryggður eða váttryggingartaki fyrir hans hönd veita félaginu nýjar upplýsingar um heilsufar sitt ef það óskar þess á sannanlegan hátt sbr. 3. mgr. 79. gr. laga nr. 30/2004.

Hafi váttryggingartaki eða váttryggður sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína og váttryggingaratburður (hér eftir tjónsatburður) hefur orðið ber félagið ekki ábyrgð. Hafi váttryggingartaki eða váttryggður með öðrum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 20. og 83. gr. laga nr. 30/2004.

4. gr. Áhættumat

Pegar um váttryggingu á fasteign eða lausafé er að ræða áskilur félagið sér rétt til áhættuskoðunar á hinu váttryggða og geymslu þess hvenær sem er fyrir töku váttryggingarinnar, við endurnýjun hennar eða á váttryggingartímanum. Sama gildir um áhættuskoðanir á starfsemi hins váttryggða vegna ábyrgðartrygginga og trygginga á rekstraráhættu. Félagið getur gefið sérstök fyrirmæli um úrbætur eða meðferð hins váttryggða hvenær sem er á váttryggingartímanum í þeim tilgangi að draga úr tjónshættu. Við endurnýjun getur félagið takmarkað váttryggingarvernd eða sett sérstaka varúðarreglu um meðferð hins váttryggða á grundvelli slíkrar skoðunar eða tekið tillit til hennar við ákvörðun iðgjalds. Bregðist váttryggingartaki ekki við áskorun um úrbætur innan hæfilegs tíma eða hlíti ekki sérstökum fyrirmælum um meðferð hins váttryggða getur félagið gripið til uppsagnar váttryggingarinnar eða skerðingar á bótarétti.

Áhættumat í persónutryggingum byggir á heilsufarsupplýsingum sem hinn váttryggði veitir félaginu fyrir váttryggingartöku eða eftir atvikum fyrir endurnýjun. Ákvörðun um veitingu váttryggingar, iðgjöld og hugsanlegar takmarkanir á vernd váttryggingarinnar byggir á þessu áhættumati í þeim tilvikum sem það fer fram.

5. gr. Breyting skilmála

Við endurnýjun váttryggingar getur félagið gert breytingu á váttryggingaskilmálum, samkvæmt 3. mgr. 18. gr. og 4. mgr. 79. gr. laga nr. 30/2004. Slíkar breytingar skal kynna váttryggingartaka um leið og iðgjalds er krafist og taka gildi við næstu endurnýjun váttryggingarinnar eftir að tilkynning um þær er send. Óheimilt er að gera breytingar á skilmálum einstaklingsbundinna líf- og sjúkdómatrygginga án samþykkis váttryggingartaka ef þær eru váttryggðum í óhag.

Innan váttryggingartímabilsins er félaginu heimilt að gera breytingar á skilmálum sem fela í sér aukinn rétt fyrir váttryggðan eða lagfæringu á orðalagi eða villum sem ekki hefur bein efnisleg áhrif. Breyting sem skerðir rétt váttryggðs eða leiðir að öðru leyti til lakari stöðu hans er óheimil innan váttryggingartímabilsins. Breytingar samkvæmt framangreindu taka gildi gagnvart váttryggðum við birtingu skilmála á vefsíðu félagsins. Í hóptryggingum er heimilt að breyta skilmálum innan váttryggingartímabilsins og taka slíkar breytingar gildi gagnvart váttryggðum einum mánuði eftir að honum var send tilkynning um breytinguna, samkvæmt 59. og 133. gr. laga nr. 30/2004.

6. gr. Heimildir váttryggingartaka til uppsagnar á váttryggingartímanum

Váttryggingartaki getur sagt upp váttryggingu sem endurnýjast sjálfkrafa með mánaðar fyrirvara hvenær sem er á váttryggingartímabilinu og miðast uppsögn við næstu mánaðarmót á eftir. Líftryggingum og sjúkdómatryggingum má þó segja upp án fyrirvara. Uppsögn skal tilkynnt félaginu skriflega eða með öðrum sannanlegum hætti. Váttryggingartaka ber ávallt að greiða iðgjöld fyrir þann tíma sem váttryggingin er í gildi og ábyrgð félagsins varir.

Hafi váttryggingartaki ekki lengur þörf fyrir váttryggingu, sem ætlað er að gilda í eitt ár eða lengur, eða fyrir hendi eru aðrar sérstakar ástæður sem réttlæta uppsögn, getur hann sagt váttryggingunni upp án sérstaks fyrirvara, sbr. 14. og 75. gr. laga nr. 30/2004.

Pegar váttrygging er tekin vegna atvinnurekstrar, þar sem umfang rekstraraðila samsvarar fleiri en fimm ársverkum eða starfsemi fer að mestu leyti fram erlendis, verður váttryggingunni aðeins sagt upp við endurnýjun hennar samkvæmt 2. gr. skilmála þessa.

7. gr. Heimildir félagsins til uppsagnar á váttryggingartímanum

Félagið getur sagt upp váttryggingunni í eftirfarandi tilvikum nema annað leiði af lögum:

- Ef gefnar hafa verið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um áhættuna við töku tryggingar, með 14 daga fyrirvara, sbr. 21. og 84. gr. laga nr. 30/2004. Hafi váttryggingartaki veitt slíkar upplýsingar á sviksamlegan hátt er uppsögn heimil án fyrirvara og getur félagið í þeim tilvikum sagt upp öllum váttryggingarsamningum við viðkomandi.
- Ef váttryggður veitir af ásetningu rangar eða ófullnægjandi upplýsingar vegna tjónsatburðar eða uppgjörss váttryggingarbóta, með viku fyrirvara, sbr. 47. og 120. gr. laga nr. 30/2004. Auk þess getur félagið í slíkum tilvikum sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við viðkomandi.
- Hafi váttryggður valdið tjóni af ásetningu eða vanrækt skyldur sínar samkvæmt varúðarreglu, með tveggja mánaða fyrirvara, sbr. 15. og 76. gr. laga nr. 30/2004. Sama gildir ef fjöldi tjóna váttryggðs og tengdra aðila á skömmum tíma er meiri en eðlilegt telst, t.d. 3 tjón á 12 mánuðum.
- Ef notkun hins váttryggða, starfsemi váttryggðs eða aðstæður að öðru leyti breytast á váttryggingartímanum á þann hátt að:
 - félagið hefði ekki tekið að sér váttrygginguna ef hinar nýju aðstæður hefðu legið fyrir við töku váttryggingarinnar eða
 - það hefur áhrif á möguleika félagsins til að endurtryggja áhættuna.
 - Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 15. og 76. gr. laga nr. 30/2004.
- Við ítrekaðar vanefndir á greiðslu iðgjalds. Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.
- Ef ekki er brugðist við fyrirmælum eða áskorun félagsins um úrbætur á grundvelli áhættumats eða áhættuskoðunar samkvæmt 4. gr. Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.
- Ef alvarlegur trúnaðarrestur verður milli félagsins og váttryggingartaka. Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.

- h. Ef breyting verður á löggjöf um bótaskyldu eða bótafjárhæðir á váttryggingatímanum sem leiðir til þess að forsendur bresta fyrir útreikningi iðgjalda. Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 15. og 76. gr. laga nr. 30/2004.

Í lögboðnum ábyrgðartryggingum ber félaginu auk tilkynningar til váttryggingartaka að tilkynna uppsögn til viðeigandi stjórnvalds eða eftirlitsaðila eftir því sem nánar greinir í skilmála tryggingarinnar, lögum og reglugerðum.

2. KAFLI IÐGJALD OG VÁTTRYGGINGARFJÁRHÆÐIR

8. gr. Iðgjald og útreikningur þess

Váttryggingartaki skal greiða iðgjald til félagsins eins og það er ákveðið við töku váttryggingar og síðari endurnýjanir hennar. Ákvörðun félagsins um iðgjald byggir á iðgjaldaskrá hverju sinni m.a. að teknu tilliti til áhættumats, váttryggingarfjárhæðar á endurnýjunardegi, verðlagsþróunar og viðskiptasögu. Í persónutryggingum er áhættumat m.a. grundvallað á aldri, starfi, heilsufari og öðrum einstaklingsbundnum forsendum. Við ákvörðun iðgjalds er félaginu heimilt að afla upplýsinga frá öðrum váttryggjendum um tjónareynslu váttryggingartaka í þeim váttryggingagreinum sem við eiga.

Félagið ákveður iðgjald næsta váttryggingartímabils fyrir hverja endurnýjun váttryggingarinnar. Ekki er heimilt að breyta iðgjaldi innan váttryggingartímabils nema skýr fyrirvari hafi verið gerður um slíkt við síðustu endurnýjun, en heimilt er þó að semja fyrirfram um fastan iðgjaldsauka ef tiltekin skilyrði koma fram.

Þegar iðgjald reiknast af breytilegum stærðum (svo sem veltu, vinnulaunum, fjölda starfsmanna, véla eða tækja), skal áætla iðgjald í upphafi váttryggingartímabils en endanlegt iðgjald greiðist við lok þess. Váttryggingartaka er skylt að láta félaginu í té, innan eins mánaðar frá lokum váttryggingartímabils, þær upplýsingar, sem það telur nauðsynlegar til endanlegrar ákvörðunar iðgjalds. Berist upplýsingar þessar ekki í tæka tíð má félagið ákveða endanlegt iðgjald eins og það álitur sanngjarnt. Ef endanlegt iðgjald er hærra en bráðabirgðaiðgjald, sem reiknað var, ber váttryggingartaka að greiða mismuninn innan viku frá því að þess var krafist. Sé endanlegt iðgjald lægra en bráðabirgðaiðgjaldið ber félaginu að endurgreiða mismuninn innan viku frá því að útreikningur gat farið fram.

9. gr. Gjaldddagi og vanskil

Iðgjald váttryggingarinnar fellur í gjaldddaga á fyrsta degi hvers váttryggingartímabils og er greiðslufrestur tilgreindur í iðgjaldskröfu. Krafa um greiðslu iðgjalds skal send váttryggingartaka á netfang hans eða það heimilisfang sem skráð er í þjóðskrá nema hann hafi sannanlega tilkynnt félaginu um annað aðsetur. Sending tilkynningar eða greiðsluseðils jafngildir kröfu um greiðslu. Breytingar á heimilisfangi eða netfangi skal tilkynna félaginu þegar í stað.

Greiðslufrestur er einn mánuður frá þeim degi sem félagið sendir kröfu um greiðslu iðgjalds. Sé iðgjald ógreitt þegar greiðslufresti lýkur, getur félagið sent nýja tilkynningu þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga. Sé iðgjald ekki að fullu greitt innan 14 daga frá dagsetningu þeirrar tilkynningar fellur váttryggingin þegar úr gildi, sbr. 33. gr. og 96. gr. laga nr. 30/2004.

Þegar váttrygging er tekin með einhliða yfirlýsingu váttryggingartaka er greiðslufrestur iðgjalds 7 dagar frá því að félagið sendir kröfu um greiðslu iðgjalds. Sé iðgjald ekki að fullu greitt innan þess frests fellur váttryggingin þegar úr gildi án frekari tilkynninga eða fyrirvara.

Váttryggingartaki getur samið við félagið um dreifingu iðgjalds yfir váttryggingartímabilið. Verði vanskil á afborgun samkvæmt samningi um greiðsludreifingu fellur samningurinn úr gildi og ógreiddar eftirstöðvar iðgjaldsins falla þegar í gjaldddaga. Getur félagið þá sent tilkynningu samkvæmt 33. og 96. gr. laga nr. 30/2004.

Dráttarvextir af ógreiddu iðgjaldi reiknast frá gjaldddaga eða frá þeim tíma sem vanskil verða á afborgun samkvæmt samningi um greiðsludreifingu.

10. gr. Kostnaður við innheimtu iðgjalda

Auk iðgjalds ber váttryggingartaka að greiða kostnað vegna greiðsluseðla, greiðsludreifingar og annarrar innheimtumeðferðar í samræmi við gjaldskrá félagsins á hverjum tíma, sem birt er á vefsíðu þess. Kostnaður við milli- og löginnheimtu greiðist einnig af váttryggingartaka.

11. gr. Uppgjör iðgjalda við slit samnings á váttryggingartímanum

Þegar váttryggingarsamningi, sem gilda átti í eitt ár eða lengri tíma, er slitið á váttryggingartímabilinu, á félagið rétt á iðgjaldi fyrir þann tíma sem váttryggingin var í gildi en endurgreiðir hlutfallslega iðgjöld fyrir þann hluta tímabilsins sem eftir er og þegar eru greidd. Sé iðgjald ákveðið árstíðabundið er heimilt að taka tillit til þess við endurgreiðslu, sbr. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 30/2004. Sé váttryggingarfjárhæðin greidd að fullu vegna altjóns eða af annarri ástæðu og váttryggingin fellur niður af þeim sökum kemur ekki til endurgreiðslu iðgjalds. Iðgjald skammtímatrygginga endurgreiðist aldrei.

12. gr. Váttryggingarfjárhæð

Váttryggingarfjárhæð er tilgreind í váttryggingarskírteini og miðast í skaðatryggingum að öllu jöfnu við heildarverðmæti hins váttryggða eða mat á áhættu en í persónutryggingum við umsamda fjárhæð vegna tiltekins atburðar. Í váttryggingu á fasteign miðast fjárhæðin við brunabótamat hennar á þeim tíma sem félagið sendir tilkynningu um útgáfu eða endurnýjun váttryggingarinnar. Váttryggingarfjárhæð afmarkar þær hámarksbætur ásamt kostnaði sem geta komið til greiðslu á

vátryggingartímabilinu í heild áður en tekið er tillit til eigin áhættu. Í efnisskilmála einstakra vátrygginga eða vátryggingarskírteini kann að koma fram sérstök vátryggingafjárhæð vegna tiltekinnar áhættu, ýmist tilgreind fjárhæð eða hlutfall af vátryggingarfjárhæð skírteinis, sem takmarkar fjárhæð bóta á vátryggingartímabilinu vegna þeirrar áhættu en felur aldrei í sér sjálfstæða viðbót við þá heildarvátryggingarfjárhæð sem tilgreind er í skírteini eða hækkun á henni. Upphæð vátryggingarfjárhæðar í skaðatryggingum telst ekki sönnun á verðmæti hinna vátryggðu hagsmuna fyrir tjónsatburð. Verði fleiri en eitt tjónsatvik rakið til sömu orsakar teljast þau öll vera af völdum eins tjónsatburðar í ábyrgðatryggingum.

Vátryggingartaka og vátryggðum ber sjálfum að gæta þess að vátryggingarfjárhæð sé í samræmi við áhættu hans eða verðmæti hins tryggða á hverjum tíma. Sama gildir um fjárhæð brunabótamats fasteignar og ber vátryggðum að tilkynna félaginu um endurmat.

13. gr. Eigin áhætta

Hlutfall og fjárhæð eigin áhættu kemur fram í vátryggingarskírteini. Nái höfuðstóll bótakröfu ekki eigin áhættu, miðað við fjárhæð hennar á tjónsdegi, kemur ekki til greiðslu bóta úr vátryggingunni en að öðrum kosti kemur fjárhæð eigin áhættu til frádráttar greiðslu félagsins við bótauppgjör. Nái höfuðstóll bótakröfu ekki lágmarki eigin áhættu, greiðir félagið heldur ekki kostnað þótt krafan og kostnaðurinn verði samanlagt hærri en fjárhæð eigin áhættu.

Í lögboðnum ábyrgðatryggingum hefur eigin áhætta ekki áhrif á réttarstöðu tjónþola og ber félaginu þá að greiða honum bótafjárhæðina að fullu þrátt fyrir eigin áhættu. Í öðrum ábyrgðatryggingum hefur félagið val um það hvort það greiði alla bótafjárhæðina að meðtalinni eigin áhættu til tjónþola. Vátryggingartaki og vátryggður bera sameiginlega og óskipta skyldu til þess að endurgreiða félaginu að fullu fjárhæð eigin áhættu og getur félagið valið að hvorum það beinir kröfu um endurgreiðslu.

14. gr. Gjaldmiðill og gengi

Fjárhæðir vátryggingarinnar eru í íslenskum krónum (ISK) nema annað leiði af lögum eða sé sérstaklega tilgreint í vátryggingarskírteini.

Bætur greiðast í íslenskum krónum nema sérstaklega sé samið um annað. Sé vátryggingarfjárhæð eða fjárhæð eigin áhættu tilgreindar í öðrum gjaldmiðli skulu þær við bótauppgjör umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við miðgengi Seðlabanka Íslands á tjónsdegi.

15. gr. Verðbreytingar

Vátryggingarfjárhæð og eigin áhætta fylgja þróun verðlags í landinu og breytast við endurnýjun í samræmi við breytingar á þeirri vísitölu sem tilgreind er í vátryggingarskírteini eða í reglugerð þegar um lögboðnar tryggingar er að ræða.

3. KAFLI SKYLDUR VÁTRYGGÐS VEGNA TJÓNA

16. gr. Ráðstafanir til varnar tjóni

Þegar tjónsatburður hefur orðið eða yfirvofandi hætta er á að hann verði ber vátryggðum og tjónþola að reyna af fremsta megni að afstýra tjóninu eða draga úr umfangi þess. Einnig ber vátryggðum að hlíta sanngjörnum og eðlilegum fyrirmælum félagsins sem eru til þess fallin að draga úr tjónshættu eða umfangi tjóns. Sé um slys eða veikindi að ræða ber vátryggðum að leita þegar til læknis, gangast undir nauðsynlegar læknisáðgerðir og fara í öllu að fyrirmælum læknis. Vátryggingartaka og vátryggðum ber jafnframt að gera það sem í þeirra valdi stendur til þess að tryggja möguleika félagsins á endurkröfu á hendur þriðja aðila þegar slíkt á við, þar til félagið getur sjálft gætt hagsmuna sinna. Vanræksla á framangreindum skyldum getur haft í för með sér lækun eða missi bótaréttar, sbr. 28. og 93. gr. laga nr. 30/2004.

Sé um bótaskyldan tjónsatburð að ræða getur vátryggður kafið félagið um endurgreiðslu þeirra útgjalda og þess tjóns sem hann verður fyrir við framangreindar ráðstafanir að því marki sem þær teljast sérstakar og réttlætanlegar, sbr. 30., 38. og 93. gr. laga nr. 30/2004.

17. gr. Tilkynning um tjón

Þegar tjón hefur orðið skal vátryggður, eða eftir atvikum réttthafi bóta, tafarlaust og án ástæðulauss dráttar tilkynna félaginu það skriflega eða með öðrum sannanlegum hætti. Sama gildir er hann fær vitneskju eða grun um að skaðabótakrafa, sem ætla má að vátryggingin nái til, verði gerð á hendur honum.

Þjófnað, innbrot, rán, skemmdarverk eða árás skal þegar í stað tilkynna lögreglu eða næsta yfirvaldi í því landi sem atburður átti sér stað með ósk um rannsókn og framvísa skýrslum um það hjá félaginu. Félagið getur krafist framvísunar sönnunargagna svo sem reikninga, kvittana og ábyrgðarskírteina vegna horfinna muna þegar við á.

Vátryggður skal gefa félaginu kost á að skoða og meta tjónið áður en viðgerð hefst eða skemmdum munum er ráðstafað eða fargað.

Andlát, slys og veikindi ber að tilkynna þegar í stað á þar til gerðum eyðublöðum félagsins eða vefsvæði ef unnt er en annars á annan hátt til bráðabirgða. Í persónutryggingum er félaginu heimilt að láta ráðgefandi lækni sinn skoða vátryggðan vegna slysa eða sjúkdóma og meta læknisfræðilega þætti því tengdu. Deyi vátryggður af ástæðu, sem fallið getur undir

vátrygginguna, skal tilkynna félaginu það eins fljótt og auðið er. Félagið hefur rétt til að láta fara fram krufningu á líki hins látna. Þegar læknishjálpi lýkur eða þegar unnt er að meta afleiðingar slyss eða veikinda skal senda félaginu læknisvottorð og bótakröfu.

Vanræksla á framangreindu getur haft í för með sér lækkun eða missi bótaréttar ef hún leiðir til skerðingar á möguleikum félagsins til þess að rannsaka málsatvik eða gæta hagsmuna sinna, sbr. 28. og 92. gr. laga nr. 30/2004.

18. gr. Upplýsingaskylda vegna tjónsatburðar

Vátryggðum eða öðrum þeim sem hyggjast gera kröfu úr vátryggingunni ber að sýna fram á að hann hafi orðið fyrir tjóni og umfang þess. Þessir aðilar skulu veita félaginu þær upplýsingar og afhenda þau gögn sem þeir eiga aðgang að og félagið telur nauðsynleg til þess að geta metið ábyrgð sína og umfang tjóns. Vátryggðum ber að gera allt sem í hans valdi stendur til þess að félagið fái réttar og fullnægjandi upplýsingar um málsatvik og orsakir tjóna. Framangreindar upplýsingar skulu veittar félaginu að eigin frumkvæði eða samkvæmt kröfu félagsins og án endurgjalds.

Veiti vátryggður af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör bóta fellur niður allur réttur hans samkvæmt þessum og öðrum vátryggingarsamningum vegna hins tiltekna tjónsatburðar, sbr. 47. og 120. gr. laga nr. 30/2004. Í slíkum tilvikum getur félagið jafnframt sagt upp öllum vátryggingarsamningum sínum við vátryggðan með einnar viku fyrirvara, sbr. 6. gr. skilmálans.

4. KAFLI ATVIK SEM HAFT GETA ÁHRIF Á VÁTRYGGINGAVERND OG BÓTARÉTT

19. gr. Aukin áhætta

Vátryggingartaki skal tilkynna félaginu tafarlaust um breytingar sem varða hina vátryggðu áhættu í skaðatryggingum. Með breytingum er hér átt við hvers kyns breytingar á vátryggingarstað, á notkun eða notkunarsviði hins vátryggða, lán eða leigu, sölu eða öðru framsali eigna- eða afnotaréttar hins vátryggða, skráningu eða afskráningu hins vátryggða eða hverjar aðrar breytingar, sem haft geta í för með sér aukna áhættu fyrir félagið. Sama gildir um breytingu á búsetu, starfi, heilsufari eða öðrum aðstæðum vátryggða í persónutryggingum öðrum en líf- og sjúkdómatryggingum, þegar iðgjald hefur verið ákveðið á grundvelli þessara aðstæðna. Sé látið hjá líða að veita félaginu slíkar upplýsingar, sem leitt hefðu til hærra iðgjalds eða annarra skilmála, getur bótaréttur fallið niður að hluta eða öllu leyti samkvæmt reglum 24., 25. gr. og 88. gr. laga nr. 30/2004.

20. gr. Brot á varúðarreglum

Varúðarreglur eru háttarnisreglur sem settar eru í því skyni að koma í veg fyrir og takmarka tjón. Það er forsenda fyrir greiðslu bóta úr vátryggingunni að settum varúðarreglum sé ávallt fylgt. Hafi vátryggður vanrækt að hlíta varúðarreglum eða öðrum fyrirmælum í vátryggingarsamningi má fella ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 26. og 90. gr. laga nr. 30/2004.

21. gr. Tvítrygging

Ef hagsmunir þeir sem vátryggingin tekur til eru einnig vátryggðir með annarri vátryggingu getur vátryggður valið úr hvaða vátryggingu hann krefst bóta, þar til hann hefur fengið þær bætur sem hann á kröfu til. Ef fleiri en eitt vátryggingafélag ber ábyrgð á tjóni samkvæmt framangreindu skulu þau, sé ekki um annað samið, greiða bætur hlutfallslega eftir ábyrgð hvers þeirra um sig á tjóninu. Það félag sem bætir tjónið getur endurkrafið önnur félög hlutfallslega eftir vátryggingarfjárhæð hvers um sig. Þetta ákvæði gildir ekki um persónutryggingar.

22. gr. Undirtrygging

Vátryggingartaka ber að sjá til þess að vátryggingarfjárhæðin sé í samræmi við verðmæti hins vátryggða á hverjum tíma. Sé vátryggingarfjárhæðin lægri en heildarverðmæti hinna vátryggðu hagsmuna á tjónsdegi greiðast bætur að hámarki í samræmi við hlutfall vátryggingarfjárhæðarinnar af verðmæti hins vátryggða. Þetta ákvæði gildir ekki um persónutryggingar.

23. gr. Vátryggður veldur tjónsatburði

Hafi vátryggður af ásetningi valdið því að tjónsatburður varð ber félagið ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 27. gr. og 89. gr. laga nr. 30/2004.

Hafi vátryggður valdið því af stórkostlegu gáleysi að tjónsatburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 2. mgr. 27. gr. og 90. gr. laga nr. 30/2004.

24. gr. Háttsemi annarra einstaklinga en vátryggðs

Ákvæði, sem kveða á um að réttur til bóta úr skaðatryggingum skerðist eða falli niður vegna athafna eða athafnaleysis vátryggðs, eiga einnig við um samsvarandi háttsemi einstaklings eða lögaðila, sem með samþykki eiganda eða umráðamanns er ábyrgur fyrir vátryggðu ökutæki, skipi, loftfari eða öðru farartæki eða dýri, samkvæmt 2. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004. Þegar um tjón á innbúi, íbúðar- eða orlofshúsnæði er að ræða gildir sama regla um háttsemi maka eða sambúðarmaka vátryggðs.

Þegar váttrygging er tekin í tengslum við atvinnurekstur skal háttsemi stjórnenda, launþega og annarra aðila, sem váttryggði hefur í þjónustu sinni og ber húsbóndaábyrgð á, lögð að jöfnu við athafnir eða athafnaleysi váttryggðs sjálfs. Sama gildir um háttsemi þeirra, sem hafa váttryggða muni á leigu, að láni eða í vörslu sinni að öðru leyti með samþykki váttryggðs atvinnurekanda.

25. gr. Tímafrestir og fyrning bótakrafna

Váttryggður glatar rétti til bóta ef:

- Hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á.
- Hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum innan árs frá því að hann fékk sannanlega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað, sbr. 51. gr. eða 124. gr. laga nr. 30/2004.

Krafa váttryggðs um bætur getur fyrnst samkvæmt reglum 52. gr. eða 125. gr. laga nr. 30/2004. Sérreglur kunna að gilda um fyrningu samkvæmt lögum á einstökum sviðum.

5. KAFLI ALMENNAR TAKMARKANIR Á GILDISSVIÐI

26. gr. Upplýsingataekni og netglæpir

Félagið bætir ekki hvers kyns tjón, sem beint eða óbeint hlýst af netglæpum eða annarri skaðlegri notkun eða starfrækslu tölvu, rafeindakerfa eða hugbúnaðar, hvort sem er með eða án vilja, svo sem tölvuárása, svika eða dreifingar tölvuvírusa, spilli- eða njósnaforritra, afritunarþúngaðar o.þ.h. Félagið bætir heldur ekki hvers kyns tjón, sem án tillits til orsaka hlýst af eyðingu eða skaðlegum breytingum á rafrænum upplýsingagögnum eða hugbúnaði eða því að dregið hefur úr virkni, notagildi eða aðgangi að tölvukerfum eða rafrænum miðlum. Þetta ákvæði á ekki við um persónutryggingar.

27. gr. Ófriðarátök, hryðjuverk, kjarnorka og gjöreyðingarvopn

Félagið bætir ekki tjón sem beint eða óbeint orsakast af hvers konar ófriðarátökum og valdbeitingu svo sem styrjöld, borgaraátökum, byltingu, andspyrnu, herlögum eða herstjórn, uppþoti eða óspektum. Sama gildir um tjón vegna sprengingar, geislunar, eitrunar, mengunar eða annarra áhrifa kjarnorku, m.a. kjarnavopna, kjarnorkueldsneytis eða kjarnorkuúrgangs og tjón sem orsakast af veiru- eða sýklaárásum, notkun efna-, lífefna- eða rafsegulvopna eða annars konar vopna, sem byggja á klopningu eða samruna frumeinda eða kjarna. Framangreint á ekki við um líf- og sjúkdómategyggingar nema um sé að ræða beina þátttöku váttryggðs í hernaðarátökum. Félagið bætir þó aldrei tjón sem beint eða óbeint má rekja til líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa af völdum hvers konar hryðjuverka, meðal annars eitrunar, mengunar eða tjóns af völdum baktería, sýkla eða veira.

28. gr. Náttúruhamfarir og skyld atvik

Félagið bætir ekki tjón sem verður vegna eldgoss, jarðskjálfta, skriðufalls, snjóflóðs, vatns- eða sjávarflóðs og hvers kyns náttúruhamfara án tillits til orsaka þeirra. Þetta ákvæði á ekki við um líf- og sjúkdómategyggingar. Eignatjón vegna náttúruhamfara eru bætt af Náttúruhamfarategyggingu Íslands skv. lögum nr. 55/1992 í samræmi við reglur stofnunarinnar.

29. gr. Verkfallsaðgerðir og farsóttir

Félagið bætir ekki tjón í skaðategyggingum sem hlýst af vinnustöðvun, verkfalli eða verkfallsaðgerðum af neinu tagi. Félagið bætir ekki tjón, sem beint eða óbeint hlýst af farsótt eða smitsjúkdómum af hvaða tagi sem er. Undanþága um farsóttir og smitsjúkdóma á ekki við um persónutryggingar, ferðategyggingar og sjúkrakostnaðartryggingar.

30. gr. Sektir og viðurlög

Félagið greiðir ekki bætur vegna sekta, refsikenndra bóta („punitive damages“) eða annarra refsiviðurlaga af neinu tagi.

6. KAFLI MEÐFERÐ BÓTAKRAFNA OG UPPGJÖR BÓTA

31. gr. Réttur félagsins til að semja við tjónþola og annast málsvörn í ábyrgðartryggingum

Í ábyrgðartryggingum á félagið fullan og óskoraðan rétt til að annast samninga og uppgjör við tjónþola vegna kröfu hans á hendur váttryggða og eftir atvikum að vera í forsvari fyrir og annast málsvörn innan eða utan réttar. Félagið ber kostnað við þessar aðgerðir eftir því sem nánar greinir í skilmála þessum. Komi til dómsmáls sem varðar váttryggingu þessa og félaginu er einu stefnt, getur það krafist þess að málshöfðun sé einnig beint gegn váttryggðum.

Félaginu er heimilt að greiða bætur beint til tjónþola. Komi fram skaðabótakrafa, getur félagið á hvaða stigi málsins sem er fullnægt skuldbindingum sínum og losnað við frekari greiðslur með því að greiða höfuðstól bótakröfu, áfallna vexti og kostnað að hámarki sem svarar til váttryggingarfjárhæðarinnar, eftir atvikum að frádreginni eigin áhættu.

32. gr. Ákvörðun bótafjárhæðar

Í skaðategyggingum skulu bætur miðast við að váttryggður fái raunverulegt og sannanlegt fjártjón sitt bætt og fjárhagsleg staða hans eða ástand tjónsmunar verði eins og fyrir tjónið, eftir því sem rúmast innan váttryggingarsamningsins og kostur er hverju sinni. Bótagreiðslur geta að hámarki numið þeirri váttryggingarfjárhæð sem var í gildi á tjónsdegi að frádreginni eigin áhættu.

Félagið ákveður hverju sinni hvort greiddar eru bætur vegna hlutatjóns, það er viðgerðarkostnaðar eða verðmætisrýrnunar, eða bætur vegna altjóns. Félaginu er í sjálfsveld sett hvort það lætur gera við skemmda muni á eigin kostnað eða hvort það greiðir váttryggða eða tjónþola bætur fyrir viðgerðarkostnað samkvæmt framlögðum reikningum eða samkvæmt áætlun.

Þegar bætur eru greiddar vegna altjóns á munum skulu bætur miðast við markaðsverðmæti þeirra á tjónsdegi fyrir tjónsatburð, nema sérstaklega sé samið um annað. Með markaðsverði er átt við það verð sem ætla má að fáiist við sölu á almennum markaði gegn staðgreiðslu að teknu tilliti til aldurs, ástands, notkunar, afskrifta, o.þ.h. Sé samið um að félagið eignast ekki tjónsmun við bótauppgjör er því heimilt að draga verðmæti hans eftir tjónið frá bótagreiðslu.

Í stað bótagreiðslu í peningum vegna hlutatjóns eða altjóns er félaginu heimilt að bæta tjón á váttryggðum munum með því að útvega (eða greiða kostnað váttryggða eða tjónþola við að útvega) annan hlut í staðinn, sem er sambærilegur að aldri, gerð og notkun gegn afhendingu tjónsmunar.

Í ábyrgðartryggingum greiðast bætur vegna líkamstjóns á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993. Í persónuþryggingum greiðast bætur samkvæmt þeirri váttryggingarfjárhæð sem í gildi var á tjónsdegi í samræmi við ákvæði váttryggingarsamnings.

33. gr. Samráð um viðgerðir

Í váttryggingum á fasteignum og lausafé er váttryggðum skylt að hafa fullt samráð við félagið um hvort, hvar og hvenær viðgerð fer fram. Að jafnaði skal viðgerð fara fram eins fljótt og kostur er eftir að félaginu hefur verið gefinn kostur á að meta tjónið. Félaginu er óskylt að greiða bætur vegna kostnaðarauka eða aukningar á tjóni sem hlýst af skorti á samráði eða drætti á viðgerð.

Ef váttryggður hyggst breyta gerð eða útliti hins váttryggða samhliða viðgerð eða nota annað efni við tjónsviðgerð en áður var notað greiðir félagið ekki kostnaðarauka sem af því leiðir, nema félagið hafi samþykkt það fyrirfram. Sama gildir um útgjöld vegna bráðabirgðaviðgerðar, nema tilgangur hennar sé að hindra frekara tjón á hinu váttryggða.

34. gr. Virðisaukaskattur

Geti váttryggður eða tjónþoli öðlast rétt til endurgreiðslu virðisaukaskatts eða skattafrádráttar ber honum að nýta slík úrræði til takmörkunar á tjóni sínu. Félaginu er heimilt að haga uppgjóri bóta þannig að skattalegar ívilnanir komi til lækkunar á fjárhæð tjónsins.

35. gr. Réttur veðhafa og eigendaskipti

Váttryggingin er aðeins til hagsbóta fyrir váttryggða en ekki nýjan eiganda váttryggðra hagsmuna, veðhafa eða aðra eigendur óbeinna eignaréttinda í hinu váttryggða, nema um annað hafi verið samið eða leiði af ófrávíkjanlegum lagaákvæðum. Við eigendaskipti að hinu váttryggða telst nýr eigandi þó váttryggður í 14 daga frá eigendaskiptum samkvæmt 40. gr. laga nr. 30/2004, enda hafi hann ekki keypt aðra váttryggingu.

36. gr. Réttthafi bóta

Greiðslur bóta úr váttryggingunni skulu renna til váttryggða nema um annað hafi verið samið og komi fram í váttryggingarskírteini eða skilmálum. Bætur greiðast einungis til umboðsmanns váttryggða gegn framvísun fullgilds umboðs. Þegar bætur greiðast til ólöggráða einstaklinga skal félagið upplýsa sýslumann um greiðsluna samkvæmt 73. gr. lögræðisлага nr. 71/1997.

Greiðsla dánar- eða líftryggingabóta rennur til þess rétthafa sem tilgreindur er í skilmála váttryggingarinnar eða í váttryggingarskírteini samkvæmt gildandi rétthafaskráningu. Í hópvátryggingum þar sem þátttakendur í hópnum tilkynna sig sjálfir til félagsins með ósk um váttryggingu getur hver þeirra um sig tilnefnt rétthafa. Í öðrum hópvátryggingum geta þátttakendur í hópnum ekki tilnefnt rétthafa og greiðast bætur í þeim tilvikum samkvæmt því sem greinir í skilmála váttryggingarinnar.

Sé ekki mælt fyrir um rétthafa bóta í skilmála og váttryggingartaki eða váttryggði ekki tilgreint rétthafa greiðast bætur til maka váttryggða. Með orðinu maka er eingöngu átt við fólk í hjúskap en ekki sambúðarmaka. Láti váttryggði ekki eftir sig maka renna bætur til erfingja samkvæmt 100. gr. laga nr. 30/2004.

37. gr. Bótagreiðslur

Bætur greiðast innan 14 daga frá því að félaginu berast fullnægjandi gögn til þess að staðfesta greiðsluskyldu þess og meta bótafjárhæð.

38. gr. Afhending og eignaréttur á tjónsmunum

Váttryggðum eða tjónþola ber að framvísa skemmdum lausafjármunum og afhenda félaginu ef það óskar þess. Þegar félagið greiðir bætur fyrir altjón á skráðum eða óskráðum lausafjármunum getur það farið fram á að váttryggður eða tjónþoli framselji fullan eignarétt á tjónsmun til félagsins með tafarlausrí afhendingu hans og útgáfu afsals, án áhvílandi veðskulda eða annarra óbeinna eignaréttinda. Váttryggðum eða tjónþola ber án endurgjalds að veita liðsinni við skráningu eignarréttar til félagsins þegar við á.

39. gr. Vextir

Í þeim tilvikum sem fjárhæð bóta miðast ekki við verðlag á uppgjörsdegi greiðir félagið vexti af bótafjárhæðum samkvæmt 50. og 123. gr. laga nr. 30/2004. Í ábyrgðartryggingum greiðast vextir, sem váttryggðum ber að greiða af skaðabótakröfu, samkvæmt ákvæðum laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 eða ákvæðum skaðabótalaga nr. 50/1993. Um dráttarvexti gilda reglur III. kafla laga um vexti og verðtryggingu.

Vextir greiðast þótt greiðsla félagsins verði af þeim sökum umfram váttryggingarfjárhæðina. Ná samtala höfuðstóls og vaxta ekki eigin áhættu váttryggingarinnar greiðir félagið ekki vexti. Sé váttryggingarfjárhæðin lægri en höfuðstóll bótafjárhæðar, greiðist þó aðeins sá hluti vaxta, er svarar til váttryggingarfjárhæðarinnar.

40. gr. Gagnaöflun og greiðsla kostnaðar

Félagið greiðir ekki kostnað vegna lögmannaðstoðar né heldur annan kostnað sem stofnað er til vegna váttryggingaratburðar án samþykkis félagsins. Í lögboðnum ábyrgðartryggingum greiðir félagið nauðsynlegan kostnað, sem til er stofnað með samþykki félagsins til þess að skera úr um skaðabótaskyldu váttryggðs eða bótafjárhæð í samræmi við almennar skaðabótareglur, þótt greiðsla félagsins verði af þeim sökum umfram váttryggingarfjárhæðina, enda sé bótaréttur fyrir hendi úr váttryggingunni. Sé váttryggingarfjárhæðin lægri en höfuðstóll bótafjárhæðar greiðist aðeins sá hluti kostnaðar sem svarar hlutallslega til váttryggingarfjárhæðarinnar.

Í persónuþryggingum greiðir félagið kostnað við öflun gagna sem félagið telur nauðsynleg til afgreiðslu kröfu um bætur og aflað er að beiðni félagsins eða með samþykki þess. Félagið greiðir þó fyrir áverkavottorð og afrit úr sjúkraskrá án sérstaks samþykkis hverju sinni. Jafnframt greiðir félagið fyrir mat utan réttar á örorku sem aflað er í samráði við það. Félagið greiðir þó aðeins kostnað við mat á örorku ef viðvarandi einkenni eru staðfest í læknisfræðilegum gögnum á þeim tíma sem matið telst tímabært. Ef bersýnilegt er að örorkumat muni ekki ná tilskyldu lágmarki greiðir félagið ekki kostnað við öflun þess.

41. gr. Skuldajöfnun

Félagið hefur heimild til að skuldajafna vangoldnum iðgjöldum gegn váttryggingabótum sem því ber að greiða samkvæmt 49. og 122. gr. laga nr. 30/2004.

42. gr. Endurkröfuréttur

Eigi einhver hinna váttryggðu fébótakröfu á hendur þriðja manni vegna tjóns öðlast félagið rétt váttryggða að svo miklu leyti sem það hefur greitt bætur. Sama gildir um rétt váttryggða til málskostnaðar frá gagnaðila eða hinu opinbera.

Félagið á ætíð endurkröfurétt á hendur váttryggingartaka og váttryggðum, hafi félagið greitt bætur eftir að váttrygging hefur fallið niður eða í tilvikum þar sem ábyrgð félagsins er ekki fyrir hendi samkvæmt váttryggingarsamningi. Hafi félagið greitt bætur úr ábyrgðartryggingu vegna tjóns, sem rakið verður til ásetnings váttryggðs eða starfsmanna hans, öðlast félagið endurkröfurétt á hendur váttryggingartaka eða váttryggða fyrir greiddum bótum ásamt vöxtum og kostnaði. Sama gildir gagnvart starfsmanni váttryggða, sem valdið hefur tjóni af ásetningi.

7. KAFLI ÝMIS ÁKVÆÐI**43. gr. Skaðabótaskylda og hlutverk ábyrgðartryggingar**

Samkvæmt íslenskum lögum bera menn skaðabótaábyrgð á tjóni sem þeir valda öðrum með saknæmum og ólögmaetum hætti. Þessi regla er nefnd sakarregla og er hún óskráð grundvallarregla í íslenskum rétti. Ef sá sem sóttur er til greiðslu skaðabóta á ekki sök á tjóninu ber hann almennt ekki skaðabótaábyrgð.

Hlutverk ábyrgðartryggingarinnar er að greiða skaðabætur fyrir váttryggðan að því marki sem hann hefur bakað sér bótaábyrgð auk vaxta og kostnaðar sem leiðir af skaðabótakröfunni. Þar sem skaðabótaábyrgð að lögum er oft flókið álitaefni ber váttryggðum að leita samráðs við félagið um réttarstöðu sína sé hann krafinn bóta vegna tjóns sem hann er talinn eiga sök á.

Viðurkenning váttryggðs á skaðabótaskyldu í athöfn eða orði skuldbindur aðeins hann en ekki félagið. Váttryggður getur með slíkri viðurkenningu átt á hættu að þurfa sjálfur að greiða bætur vegna tjóns sem ábyrgðartryggingin tekur ekki til.

44. gr. Tjónagrunnur

Tilteknar upplýsingar um tjón sem tilkynnt eru í trygginguna eru færðar í tjónagrunn sem Samtök fjármálafyrirtækja reka samkvæmt sérstöku leyfi frá Persónuvernd. Sjóvá-Almennar tryggingar bera ábyrgð á vinnslu upplýsinganna en Creditinfo er vinnsluaðili þeirra.

Tilgangur vinnslu upplýsinga í tjónagrunninum er að stemma stigu við tryggingasvikum og koma í veg fyrir ofgreiðslu tryggingabóta. Þessar upplýsingar eru skráðar í tjónagrunninn:

- Kennitala tjónþola
- Númer máls hjá félaginu
- Tegund tryggingar

- d. Tegund tjóns
- e. Dagsetning tjóns
- f. Dagsetning skráningar í grunninn
- g. Nafn viðkomandi váttryggingarfélags
- h. Staðsetning tjóns
- i. Einkvæmt númer þess tryggða, s.s. ökutækis.

Starfsmenn tryggingafélaga sem starfa að tjónauppgjöri hafa einir aðgang að upplýsingum í grunninum. Upplýsingunum verður eytt þegar ekki er lengur þörf fyrir þær í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar tíu ár eru liðin frá skráningu.

45. gr. Meðferð ágreiningsmála

Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum sker úr ágreiningi um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu, bótafjárhæðir auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga í samræmi við samþykktir nefndarinnar. Nefndin fjallar einnig um ágreining sem varðar réttindi og skyldur aðila vegna dreifingar váttrygginga, þ.á.m. kynningu, sölu og upplýsingaskyldu félagsins, samkvæmt lögum nr. 62/2019 um dreifingu váttrygginga. Úrskurðarnefnd í váttryggingarmálum hefur aðsetur hjá Neytendasamtökunum. Nánari upplýsingar um nefndina og málskot til hennar má nálgast á vefsíðunum www.nefndir.is og www.sjova.is.

Í lögboðnum ökutækjatrýggingum má leggja ágreining um, sök og sakarskiptingu fyrir Tjónanefnd váttryggingafélaganna, neytanda að kostnaðarlausu. Álit nefndarinnar eru ekki bindandi og má skjóta áfram til Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum.

Málsmeðferð fyrir nefndunum skerðir ekki rétt málskotsaðila til þess að leggja málið fyrir almenna dómstóla.

46. gr. Varnarþing og lagaskil

Varnarþing félagsins er í Reykjavík. Mál sem kunna að rísa á hendur félaginu út af váttryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Verði ágreiningur um váttrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningi sem Ísland er bundið af.

Skilmálar þessir gilda frá 2. janúar 2023.